

## GRÓÐURSETNING NÝRRA TEGUNDA Í SKÓGARSKJÓL.

Nauðsynlegt er að vanda til verka ef óskað er eftir góðum vexti strax. Tilvalið er að auka tegundafjölbreytni þegar komið er gott skjól fyrir nýjar tegundir í



Mynd 1. Velja stað fyrir tréð.



Mynd 2. Torfið tekið burt af 60 x 60 cm breiðu svæði og til dæmis notað til að græða upp flag í nágrenninu. Ekki setja torfið á hvolf yfir moldina eftir gróðursetningu því grasið getur smám sama vaxið upp þrátt fyrir það og keppt við tréð um næringuna.



Mynd 3. Holan grafin. Heilmikill uppgröftur og þá er gott að nota plast til að setja hann á, ef maður vill ekki

yndisskógræktinni. Til dæmis bæta við ávaxtatrjám, hlyn, eik, linditré, álmi, marþöll, fjallapöll, sætreyni o.fl. tegundir.

sóða svörðinn út í kring með mold og möl. Ef mögulegt, er grafið niður á 60 cm dýpi, annars bara eins djúpt og hægt er. Grunnar holur má til dæmis hafa breiðari í staðinn til að jarðvegsbætur séu nægilegar.



Mynd 4. Tréð mátað í holuna. Betra að hafa holuna nógu stóra og djúpa svo að sé hægt að jarðvegsbæta þess meira fyrir tréð. Stærri hola og meiri jarðvinnsla ýtir undir ennþá meiri vöxt strax fyrstu árin og gefur nýju tré inni í gömlum skógi færi á að koma sér betur fyrir í samkeppni við rætur stóru trjáanna í kring.



Mynd 5. Búið að grafa 60 cm djúpa holu og 60 cm breiða. Það þarf fullar hjólbörur af hrossataði, sauðataði eða moltu í holuna til að blanda og bæta jarðveginn með.



Mynd 6. Húsdýraáburður eða molta, um 15 cm lag sett í botninn og síðan 15 cm lag af jarðvegi sett ofaná, tveir hnefar áburðarkalk og blandað saman með gaffli.



Mynd 7. Næsta lag af húsdýraáburði eða moltu bætt ofaná og jarðvegi aftur, tveir hnefar áburðarkalk aftur blandað. Og þriðja lagið í viðbót, blandað og holan er orðin full.



Mynd 8. Búið að blanda saman húsdýraáburði eða moltu, jarðvegi og áburðarkalki næstum alla leið upp. Á þessu stigi er gott að dreifa aftur 2-3 hnefum af áburðarkalki á moldina og blanda saman við. Kalkið bæði bætir jarðvegsbygginguna og gerir jarðveginn basískari. Í súrum jarðvegi er sérstaklega mikilvægt að bæta við kalki svo að jarðvegur verði minna súr og flest næringarefni þar með aðgengilegri.



Mynd 9. Grafið í jarðveglönduna og tréð staðsett í rétta dýpt. Mikilvægt er að rætur fari alls ekki dýpra en þær stóðu í pottinum. Það er beinlínis rangt að gróðursetja djúpt! Djúp gróðursetning veldur vaxtatrufnunum og toppi trjánna hættir til að drepast út af því, þó þau jafni sig seinna meir, þá getur það tekið nokkur ár. Gróðursetjið tré ávallt í sömu dýpt og þau stóðu áður.



Mynd 10. Gott er að hafa örlítið lag af óblönduðum jarðvegi næst rótinni, sérstaklega ef notaður er sterkur húsdýraáburður sem gæti sviðið rætur í byrjun.



Mynd 11. Í sendnum jarðvegi og frekar þurri mold er mikilvægt að bleyta nóg. 10 lítrar af vatni sturtað í

kringum tréð og látið síga niður áður en klárað er að fylla að. Þegar gróðursett er að hausti, vetri eða mjög snemma á vorin, þarf ekki að vökva, eða bara mjög litla vökvun. Ofvökvun þegar hitastig úti er nálægt frostmarki getur sjokkerað rætur trjáanna, myndast svokölluð undirkælingaráhrif sem drepa rötarendana. Ræturnar jafna sig á þessu og mynda nýja rötarenda strax, en betra er að lágmarka vökvun þegar er mjög kalt í veðri.



Mynd 12. Þegar búið er að fylla alveg upp með jarðvegsblöndunni í kringum rötarhnausinn er sniðugt að forma skál í jarðveginn í kringum stofn trésins. Það auðveldar vökvun beint niður á rötina í þurrkatið fyrsta sumarið.



Mynd 13. Gott er að vera nákvæmur og vikta 40 grömm af alhliða áburði til dæmis blákorn eða trjáskorn, en sá skammtur dugir á 60 x 60 cm svæði, fyrir eitt tré. Og vikta svo um 10 grömm af garðafosfati og dreifa yfir á sama hátt.



Mynd 14. Tilbúna áburðinum, sem er auðleyst næringarsalt, á að dreifa jafnt yfir moldina. Hann má ekki liggja í hrúgum eða blettum. Aldrei má blanda tilbúnum, auðleystum áburði beint í moldina, því þá sviður hann ræturnar strax. Tilbúinn næringarsölt leysast smám saman upp og seitla niður með rigingarvatninu. Þrátt fyrir góða jarðvinnslu er gott að nota tilbúinn áburð strax, til að gefa trénu góða „vítamínsprautu“ sem virkar fljótt. Úr húsdýraáburðinum og moltunni leysast næringarefnin hægar út og í langan tíma og snefilefnabörfinni er fullnægt í langan tíma.



Mynd 15. Þegar gróðursett er inn í eldri skóg eða garð, þar sem ekki er ætlunin að hafa mikið fyrir að hreinsa illgresi frá trjánnum, er gott að setja jarðvegsdúk í kringum tréð. Fyrir 60 x 60 cm flöt þarf 1 fermeters stóran dúk. Klippt er frá einni hlið upp í miðjuna og dúknum smeygt utan um stofninn. Jaðrar eru festir niður með því að stinga þá niður með stunguskóflu og þjappa síðan að með fótunum. Raufin við stofninn dugir fyrir vökvun. Næsta ár er áburðarkornum dreift undir dúkinn í gegnum raufina, hendinni smeygt undir dúkinn og áburðurinn hristur úr henni í allar áttir. Dúkurinn kemur í veg fyrir að gras og annað illgresi setjist að í næringarríkum jarðveginum og keppi við tréð um næringuna.



Mynd 16. Tréð frágengið með uppbindingu. Eins og hálfsmeters há tré og hærri þurfa stuðning meðan þau eru að festa sig í jarðveginum með nýjum rótum. Hér er sýnd einfaldasta gerð af uppbindingu, þar sem staurinn er staðsettur beint á móti tíðustu áveðursvindáttinni og bundið með strigaræmu. Minna getur það ekki verið. Langbest er að staurinn sé töluvert hærri og bundið í tréð á tveimur til þremur stöðum. Stærri tré þurfa stuðning í þrjú ár.

Í velframræstu landi, mjög sendnum jarðvegi og moldarjarðvegi ofan á jökulurð þarf að gæta sérstaklega vel að vatnspörf fyrsta sumarið og gróðursetningarbeðið er haft í sömu hæð og gróðursvörðurinn í kring, til að draga sem mest úr hættu á ofþornun.

Í blautari jarðvegi, jarðvegi sem hættir til að haldast rakur og kaldur fram eftir sumri og fyrirverandi mýrarjarðvegi er betra að gróðursetningarbeðið sé haft um 20-30 cm hærra en gróðursvörðurinn í kring. Það tryggir að jarðvegur þorni og hlýni fyrr í kringum rætur trjána allra fyrstu árin.



Mynd 17. Allt ferlið tók tvo klukkutíma, grafa holu, blanda, gróðursetja, vökva, áburður, dúka, uppbinding og myndatökur af öllum verkatriðum. Höfundur við nýgróðursett kirsuberjatréð.



Mynd 18. Nokkur eplatré komin í rjóður í skóginum, innan um blágreni og sitkagreni. Myndin er tekin 19. mars 2012.

Höfundur: Ólafur Sturla Njálsson, Nátthaga í Ölfusi.